

Mánudaginn 27. júní 1988.

Nr. 146/1988. **Þorbjörn Tómasson**
 gegn
Kópavogskaupstað

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi. Sakarefni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. maí sl. og gerir þær dómkröfur, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms.

Af hálfu varnaraðila hafa engar kröfur verið gerðar.

Kæra máls þessa er heimil samkvæmt. 21. gr. 1. mgr. 1. tl. b, sbr. 22. gr. 1. mgr. laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili á lögvarinna hagsmuna að gæta varðandi þá kröfu sína, að viðurkennt verði með dómi, að uppsögn varnaraðilja á munnlegum samningi þeirra um sorphreinsun í Kópavogskaupstað hafi verið ólögmæt. Krafa þessi getur staðið óháð því, hvort sóknaraðili kann síðar á grundvelli dóms í þessu máli að höfða mál til greiðslu skaðabóta vegna ólögmætrar uppsagnar. Krafan er skýr og afmörkuð og krefst ekki lögfræðilegs álits umfram það, sem nauðsynlegt er til úrlausnar á sakarefninu. Kröfugerð þessi brýtur því eigi í bága við 67. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Dómur bæjarþings Kópavogs 28. apríl 1988.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Kópavogs af Þorbirni Tómassyni, nnr. 9473-0929, Borgarholtsbraut 54, Kópavogi, á hendur Kópavogskaupstað, nnr. 5686-7406, Félagsheimilinu, Fannborg 2, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að uppsögn sú, er stefndi beitti gagnvart stefnanda, með bréfi dags. 30.12. 1986, með þeim uppsagnarfresti, er þar er tilgreindur, á þágildandi munnlegum samningi aðila máls þessa um sorphreinsun í Kópavogskaupstað, sé ólög-mæt. Auk þess er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skadlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Kröfur stefnda eru þær að dómkröfum stefnanda verði hafnað, bæði hvað varðar ólögmeiti samningsuppsagnar og málskostnaðarkröfu auk þess sem krafist er málskostnaðar að skadlausu úr hendi stefnanda til stefnda.

Málsatvikum og málsástæðum lýsir stefnandi svo að með samningi dags. 30. jan. 1970 hafi stefnandi máls þessa tekið að sér sorphreinsun í austurhluta Kópavogskaupstaðar, á grundvelli útboðsskilmála fyrir sorphreinsun í Kópavogskaupstað útgefnum af bæjarverkfræðingnum í Kópavogi í des. 1968, ásamt syni sínum Guðjóni.

Allt fram til ársins 1977 hafi stefnandi haft verk þetta með höndum sem verktaki á vegum stefnda ýmist með syni sínum Guðjóni eða honum og syni sínum Eiríki. Á þessu árabili hafi samningar þeirra feðga við stefnda nokkrum sinnum verið skriflega endurnýjaðir, sinn fyrir hvorn hluta bæjarins í hvert sinn, og hafi þá meðal ákvæða samninganna verið ákvæði þess efnis að þeir framlengdust um eitt ár í senn væri þeim ekki sagt upp ýmist með 2ja eða 3ja mánaða fyrirvara miðað við tiltekinn dag. Síðast hafi þeir feðgar gert slíka samninga við stefnda hinn 1. febrúar 1977 og hafi uppsagnarfrestur í samningi um hreinsun í Austurbæ verið tilgreindur 2 mánuðir en enginn uppsagnarfrestur tiltekinn að því er varðaði hreinsunarsamning um Vesturbæ. Frá árinu 1977 hafi stefnandi einn verið aðili að sorphreinsunarsamningi við stefnda. Í samræmi við það hafi stefndi sent stefnanda bréf dags. 30.12. 1986 þar sem fram komi að stefnanda sé sagt upp gildandi sorphreinsunarsamningi og tekið fram að samningstímanum ljúki 1. mars 1987. Í bréfinu sé vísað til svonefnds eldri samnings, sem sagður er vera í gildi og kveði á um 2ja mánaða fyrirvara á uppsögn. Jafnframt komi fram í bréfi þessu að stefnanda hafi verið sent bréf 31. október 1986, þar sem honum hafi verið sagt upp sama samningi með 3ja mánaða fyrirvara frá þeim degi. Af hvorugu þessara bréfa verði glögglega ráðið né af bréfi bæjarlögmannsins í Kópavogi dags. 19. jan. 1987 hver sé uppsagnarfrestur í samningi aðila né við hvað skuli miðað. Sé þetta mjög í samræmi við þá réttaróvissu sem stefnandi taldi vera í samningi aðila, sem hann hafði óskað með bréfum á árunum 1983, 1984 og ítrekað oft munnlega síðan,

að úr yrði bætt, án árangurs. Krafa í máli þessu er á því byggð, að hvort sem haldið er fram af hálfu Kópavogskaupstaðar að uppsagnarfrestur á sorphreinsunarsamningi aðila hafi verið 2 eða 3 mánuðir sé slíkur frestur ólögmaður. Byggir stefnandi á eftirfarandi málsástæðum:

Ekki sé unnt að miða uppsögn gildandi sorphreinsunarsamnings um sl. áramót við þá uppsagnarfresti er við hafi verið miðað við gerð fyrstu samninga stefnanda og sona hans um sorphreinsun í Kópavogi. Þeir samningar hafi verið gerðir miðað við gjörólikar aðstæður þeim sem verið hafi um sl. áramót.

Gifurleg fólksfjöldun hafi orðið í Kópavogi frá því að fyrstu samningar voru gerðir og fram til sl. áramóta, meiri en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Hafi þetta leitt til mjög aukinna umsvifa stefnanda við það verkefni er hann upphaflega ásamt fleirum hafi tekið að sér á árinu 1970. Tækjakostur stefnanda hafi aukist mjög á þeim árum, sem hann hafi sinnt verkefninu, og sifellt hafi hann þurft aukinn mannafla til framkvæmdar verksins, sem með tímanum hafi sifellt með samningum á vinnumarkaði fengið lengdan uppsagnarfrest sem stefnandi sé bundinn af. Þessi atriði og fleiri, sem stefnandi hefur áskilið sér rétt til að gera síðar grein fyrir, telur stefnandi leiða til þess að uppsagnarfrestur í uppsagnarbréfi stefnda verði að teljast ólögmaður. Verði á þau sjónarmið stefnanda fallist að tittnefndur uppsagnarfrestur hafi verið of skammur og leitt til ólögmaðrar uppsagnar af hálfu stefnda áskilur stefnandi sér rétt til þess síðar að höfða sérstakt bæjarþingsmál til greiðslu skaðabóta að undangengnu mati dómkvaddra manna á tjóni hans af hinni ólögmaðu uppsögn.

Málsástæður stefnda eru þær að bæjarráð Kópavogs hafi í vetrarbyrjun 1986 tekið þá ákvörðun í kjölfar endurtekinna óska stefnanda að segja upp gildandi sorphreinsunarsamningi í Kópavogi og bjóða verkið út að nýju. Í ljós hafi komið að í samningum frá 1. febrúar 1977 um Vesturbæ hafi ekkert ákvæði verið um uppsagnarfrest en í eldri samningi hafi verið miðað við þriggja mánaða uppsagnarfrest. Í samningnum sem gilt hafi um sorphreinsun í Austurbæ hafi hinsvegar verið miðað við tveggja mánaða uppsagnarfrest. Rétt hafi þótt að láta uppsögn beggja samninganna verða samferða og því ákveðið að miða við almennan uppsagnarfrest, þrjá mánuði. Á þeim grundvelli hafi uppsagnarbréfið frá 31. október 1986, dskj. nr. 9, verið byggt. Það bréf hafi stefnandi ekki kannast við að hafa fengið þegar þessi mál hafi borið á góma í samtölum við hann. Því hafi þótt rétt að áréttu uppsögnina og hafi annað bréf verið sent dags. 30. des. 1986, dskj. nr. 10, og væri þar miðað við að samningarnir báðir rynnu út 1. mars 1987. Í tilefni af bréfi stefnanda dags. 2. janúar 1987, dskj. nr. 11, svo og samtölum sem þá áttu sér stað milli aðila hafi stefndi sent stefnanda bréf það sem merkt er sem dskj. nr. 13 og áréttað skilning stefnda. á

skyldum stefnanda, því þegar hér hafi verið komið sögu hafi stefnandi verið með hótanir um að hætta allri sorphreinsun 1. febrúar 1987. Allar þessar viðræður og bréfaskriftir hafi tafið útboð. Því hafi í þessum viðræðum komið fram vilji stefnda til að gera bráðabirgðasamning við stefnanda um sorphreinsun í Kópavogi öllum sem skyldi gilda án uppsagnar til 1. júní 1987. Þessu boði hafi stefnandi hafnað jafnoft og boðið var og hafi hann sent bréf dags. 21. janúar 1987, dskj. nr. 14, þar sem tilkynnt sé um loka-dag sorphreinsunar af hálfu stefnanda.

Stefnandi hafi hætt sorphreinsun í Vesturbæ síðasta dag janúarmánaðar en Austurbæ í lok febrúar.

Niðurstöður.

Í máli þessu er krafist viðurkenningar á því að uppsögn stefnda í bréfi dags. 30.12. 1986 á þágildandi munnlegum samningi málsaðila um sorphreinsun í Kópavogskaupstað með þar tilgreindum uppsagnarfresti sé ólögmæt.

Í stefnu áskilur stefnandi sér jafnframt „rétt til þess síðar að höfða sérstakt bæjarþingsmál til greiðslu skaðabóta, að undangengnu mati dómkvaddra manna á tjóni hans af hinni ólögmætu uppsögn“.

Með vísan til 67. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 verður að lita svo á að málsaðilum sé eigi fært að fá úr því skorið í sérstöku dómsmáli hvort uppsögn stefnda á samningi þeirra sé ólögmæt heldur verði um það atriði fjallað í væntanlegu skaðabótamáli er stefnandi hefur áskilið sér rétt til að höfða vegna tjóns er hann telur sig hafa orðið fyrir „af hinni ólögmætu uppsögn“. Verður því að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar þann 12. apríl sl.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.